

Minnisblað

Dagsetning: 10. nóvember 2020
Viðtakandi: Rannveig Anna Guicharnaud, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2020. Verkefni 9 – Þeistareykir og norðurhluti Gjástykkis. Úttekt.

Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum og Stóra- og Litla-Víti á Þeistareykjabungu eru hvoru tveggja svæði á náttúruminjaskrá¹. Á Þeistareykjum eru fjölbreyttar jarðhitamyndanir, gufu- og leirhverir, útfellingar og jarðhitaplöntur. Stóra-Víti er hraungígur og Litla-Víti er fallgígur. Á Þeistareykjum finnst snigillinn *Vallonia excentrica* en hann hefur ekki fundist annars staðar á Íslandi²

Í Þeistareykjahrauni er vitað um í kringum 15 hella. Þar á meðal eru fallegir dropsteinshellar og er einn þeirra um 2.500 ára gamall og talinn einstakur á heimsvísu. Síðastliðinn vetur fór umhverfisráðherra þess á leit við Umhverfisstofnun að loka fjórum hellum á Þeistareykjum til að koma í veg fyrir skemmdir á dropsteinum³ og var tveimur þeirra lokað nú haustið 2020⁴.

Síðastliðinn vetur var Gjástykki friðlýst í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun)⁵. Gjástykki er einstakt svæði á heimsvísu og Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að svæðið Leirhnjúkur-Gjástykki verði sett á framkvæmdahluta náttúruminjaskrár (B-hluta) en í þeim tillögum segir:

„Staðfesting landrekskenningarinnar. Svæðið ber dæmigerð ummerki eftir gliðunarhrinu, kvikuhlaup og sprungugos í rekbelti úthafshryggjar. Jarðminjasvæðið er fágætt og einstakt á heimsvísu og hefur bæði mjög hátt vísindalegt gildi og fræðslugildi. Svæðið er heildstætt, lítt raskað og hefur þannig hátt gildi sem landslagsheild. Þar er mikil víðernisupplifun.“⁶

Talsvert er um hestaferðir með ferðamenn á Þeistareyki en þangað liggja vegslóðar/moldarslóðar sem nýttir eru í þeim tilgangi og á Þeistareykjum er áningahólf fyrir hesta. Svæðið er einnig nýtt til göngu- og hjóleiða og á veturna er farið um á vélsleðum og jeppum. Með tilkomu Þeistareykjavirkjunar og uppbyggðs vegar frá Húsavík á Þeistareyki og áfram suður á Hólasand hefur aðgengi að Þeistareykjum og nágrenni þess aukist verulega fyrir bílaumferð. Þá vinnur Þingeyjarsveit að gerð deiliskipulags fyrir Þeistareykjaland en tilgangur með því er að skilgreina þætti sem snúa að ferðaþjónustu og samspili hennar við náttúru svæðisins og Þeistareykjavirkjun⁷. Mikil sauðfjárbætur er í Þeistareykjalandi.

¹ Umhverfisstofnun ártal vantar. Sótt 20. október 2020 af

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/nordasturland/>

² Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2007. Útbreiðsla snigilsins *Vallonia Excentrica* (Sterki, 1893) á Þeistareykjum.

³ Ríkisútvarpið 2020. Sótt 20. október af <https://www.ruv.is/frett/umhverfisradherra-laetur-loka-atta-hellum>

⁴ Ríkisútvarpið 2020. Sótt 20. október 2020 af <https://www.ruv.is/frett/2020/10/15/lok-lok-og-laes-i-theistareykjahrauni>

⁵ Stjórnarráð Íslands 2020. Sótt 20. október 2020 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/04/01/Gjastykki-fridlyst-gegn-orkuvinnslu/>

⁶ Náttúrufræðistofnun Íslands ártal vantar. Sótt 21. október 2020 af <https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra>

⁷ Þingeyjarsveit 2020. Sótt 20. október 2020 af <https://www.thingeyjarsveit.is/is/frettir-tilkynningar/deiliskipulag-theistareykjalands-skipulagslysing>

Framkvæmd 2020

Vettvangsvinna fór fram 21. og 27. ágúst. Fyrri daginn fóru Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir að Togarahelli í Þeistareykjahrauni, Vítunum á Þeistareykjabungu og að Gjástykki. Seinni daginn fór Sigbrúður Stella um jarðhitasvæðið á Þeistareykjum ásamt Ingvari Atla Sigurðssyni og Olgu Kolbrúnu Vilmundardóttur. Í vettvangsferðunum var:

- Gerð forkönnun á álagi og ástandi gróðurs- og jarðvegs við Togarahelli, í kringum hverasvæðið næst sæluhúsinu á Þeistareykjum og við Litla- og Stóra-Víti á Þeistareykjabungu.
- Litla-Víti og næsta umhverfi þess var myndað með flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli.
- Gerð forkönnun á álagi á jarðminjar við slóða yfir Gjástykkishraun.
- Ljósmyndir teknar, hnúttar og skráðar. Hluti þeirra nýtist við áframhaldandi myndvöktun.

Frumgögnum; eyðublöðum, GPS skrár og myndgögnum hefur verið skilað inn til Náttúrufræðistofnunar en það á eftir bæta skráningu við einstakar myndir. Eftir er að vinna úr myndkortum og landlíkönum. Áfram verður unnið í verkefninu í vetur.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Til að komast í Togarahelli er farinn slóði að borholu sem er skammt austan við hellinn. Engar merkingar eru á svæðinu en stíka á háum hól við hellinn vísar leiðina. Við Togarahelli liggja greinilegir stígar niður í hellinn á fjórum stöðum og traðk er sjáanlegt á svæðinu ofan við hellinn. Fyrir framan hellinn er álagssvæði, nú að mestu þakið jarðvegsskán. Miðað við ástand svæðisins er líklega ekki mikil umferð að hellinum en líkur eru á að hún komi til með að aukast með bættu aðgengi að Þeistareykjasvæðinu.

Vísar að göngustígum hafa myndast á svæðinu milli sæluhúss á Þeistareykjum og næstu hverasvæða. Álag vegna ferðamanna virðist ekki mikið í kringum hverasvæðin en á svæðinu næst þeim er víða graslendi⁸ og mikil sauðfjárbætur. Kindagötur liggja því víða um svæðið sem eru eflaust eitthvað nýttar af gangandi ferðamönnum. Skammt frá Sæluhúsinu sáust ummerki hitabreytingar í graslendi þar sem gróður var að drepast vegna hita.

Vegslóði liggur að Vítunum á Þeistareykjabungu. Búið er að bæta hann að hluta með því að bera í hann malarefni upp Bóndhólsskarð og eitthvað áleiðis austur á bunguna. Að öðru leyti er þetta moldarslóði með einstaka drullupyttum. Bílum er lagt við Litla-Víti og hefur þar myndast álagssvæði eftir umferðina. Gróðurlendi á svæðinu einkennist af smápýfðum fléttumóa og moslendi með smárunnum. Gróðurþekja er víða rofin, sérstaklega á þúfnakollum mót norðri og gróður viðkvæmur fyrir álagi. Mjó moldargata liggur meðfram barmi Litla-Vítis. Út frá henni er gróðurþekja víða rofin af álagi eftir kindur og gangandi og ríðandi ferðamenn. Þar sem álagið er mest er jarðvegseyðing hafin og rennur jarðvegur ofan í Litla-Víti á nokkrum stöðum. Minna álag er eftir ferðamenn við Stóra-Víti. Þar er þó farið og hægt er að komast ofan í gíginn eftir greinilegri kindagötu. Sunnan við gíginn er vörðuhóll sem gengið er upp á a.m.k. tveimur stöðum. Þar hafa myndast stígar og gróðurþekja rofin.

Til að komast að hrauninu í Gjástykki var ekinn slóði frá Vítunum og austur á Bunguvegg og þaðan eftir honum í suður þar til komið var inn á slóða sem liggur meðfram girðingu yfir hraunið. Helsta aðgengið að hrauninu í norðurhluta Gjástykkist er við þennan slóða en inn á hann má komast á fleiri stöðum. Vegagerðin yfir hraunið ásamt borholu við slóðann hefur valdið mestu raski á svæðinu en að öðru leyti sást lítið rask vegna álags umferðar. Hraunið hefur glansandi, glerkennda og örþunna filmu sem brotnar

⁸ Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson og Rannveig Thoroddsen 2008. Gróðurfar á háhitasvæðum og fyrirhuguðum línu- og vegstæðum á Norðausturlandi. Unnið fyrir Landsvirkjun, Landsnet hf og Þeistareyki ehf. NI-08009 Reykjavík, nóvember 2008.



auðveldlega við traðk. Ljósmyndir voru teknar við hraunjaðarinn sitthvoru megin við slóðann til frekari myndvöktunar.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Full ástæða er til að fylgjast vel með þróun umferðar ferðamanna á Þeistareykji og nágrenni og mögulegu álagi þeirra á náttúru og menningarminjar svæðisins með bætту aðgengi. Í þeirri vöktun yrði einnig fylgst með útbreiðslu snigilsins *V. excentrica* þar sem fyrri kortlagning á útbreiðslu hans á svæðinu nýtist. Þá er einnig ástæða til að fylgjast með umferð í Gjástykki og mögulegu álagi á jarðminjar.

Vísar:

- Flatarmál gróðurs- og jarðvegseyðingar við Litla-Víti.
- Umfang álags á gróður og jarðveg við Togarahelli og í kringum sæluhús á Þeistareykjum.
- Umfang álags á jarðhitasvæðin.
- Umfang skemmda á jarðminjum í Gjástykki og Þeistareykjum.
- Útbreiðsla snigilsins *V.excentrica*, fjöldi fundarstaða.

Aðferðir:

- Ljósmyndun með flygildi við Litla-Víti.
- Endurtekin ljósmyndun við Togarahelli, á Þeistareykjum og í Gjástykki.
- Kortlagning á útbreiðslu snigilsins *V.excentrica* skv. fyrri aðferðum².

Áætlun um áframhaldandi vöktun og endanlegt val á vísum þarf að taka mið af væntanlegu deiliskipulagi og aðgerðum m.t.t ferðaþjónustu á Þeistareykjum.

Vinnuframlag og ferðakostnaður Náttúrustofunnar

Tímabil	Vinnutímar			
	Gagnasöfnun	Umsjón og úrvinnsla	Fæðispeningar/kr	Akstur/kr
1.júní – 10. nóvember	21	23	12400	10878
Alls	21	23	12400	10878

Vinnuframlag og kostnaður starfsmanna Náttúrufræðistofnunar Íslands var ekki skráður hjá Náttúrustofu Norðausturlands.